

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Vt. Elísabet Rán Andrésdóttir  
Austurstræti 8 -10  
150 REYKJAVÍK

DAGSETNING

Reykjavík, 1. desember 2005

TILVÍSUN

2005110666

T-ums 13/05

### Umsögn um 332. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um búnaðargjald.

Þann 30. nóvember 2005 gekk undirritaður á fund háttvirtrar landbúnaðarnefndar Alþingis að ósk nefndarinnar. Tilefnið var frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/1997 um búnaðargjald, þar sem lagt er til að búnaðargjald verði lækkað úr 2% í 1,2% af gjaldstofni. Auk þess sem lagðar eru til breytingar á skiptingu tekna af gjaldinu.


Á fundinum gerði undirritaður f.h. ríkisskattstjóra athugasemd varðandi gildistökuákvæði frumvarpsins og skil yngri og eldri réttar. Af því tilefni fór háttvirtur formaður landbúnaðarnefndar fram á skriflega umsögn ríkisskattstjóra, sem fer hér á eftir:

Ef frumvarpið yrði að lögum óbreytt, yrði við álagningu opinberra gjalda á árinu 2006 lagt 1,2% búnaðargjald á búvöruframleiðendur vegna framleiðslu þeirra á árinu 2005. Því álagða búnaðargjaldi yrði skipt milli Bændasamtaka Íslands, búnaðarsambanda, búgreinasambanda og Bjargráðasjóðs í þeim hlutföllum sem greinir í 2. gr. frumvarpsins. Sú skipting kæmi í stað þeirrar skiptingar, sem fram hefði farið á árinu 2005, á fyrirframgreiðslum upp í álagninguna. Gjald dagar fyrirframgreiðslna vegna búvöruframleiðslu á árinu 2005 eru 1. dagur mánaðanna ágúst til og með desember á því ári. Fyrirframgreiðslur, sem búvöruframleiðendum er gert að inna af hendi á þeim gjalddögum, nema samtals 2% af gjaldstofni ársins 2004. Skipting fyrirframgreiðslnanna á árinu 2005 fer samkvæmt þeim hlutföllum sem tilgreind eru í viðauka við lögum um búnaðargjald eins og þau nú standa. Þar af renna til Lánasjóðs landbúnaðarins um 40%, eða á að giska um 120 milljónir króna. Við endanlega skiptingu gjaldsins að lokinni álagningu á árinu 2006 ætti ekkert að koma í hlut Lánasjóðsins og bæri honum því að skila því fé sem til hans rann við skiptingu fyrirframgreiðslnanna. Það fé gengi til að endurgreiða búvöruframleiðendum mismun endanlega álagðs gjalds (1,2%) og fyrirframgreidds gjalds (2%). Ríkisskattstjóri telur þann hæng þar á að ekkert fé verði að sækja í Lánasjóð landbúnaðarins þar sem sjóðurinn verður lagður niður þann 31. desember 2005, þegar úr gildi falla lög um sjóðinn nr. 68/1997, sbr. ákvæði laga nr. 68/2005 um breytingu á þeim lögum.

Af framangreindum ástæðum og að virtum þeim viðhorfum sem fram komu á áður nefndum fundi háttvirtrar landbúnaðarnefndar, leggur ríkisskattstjóri til þá breytingu á gildistökuákvæði 3. gr. frumvarpsins að tiltekið verði að lögum skuli koma til framkvæmda

við ákvörðun fyrirframgreiðslna á árinu 2006 og við álagningu búnaðargjalds á árinu 2007. Í þeirri tillögu felst að hlutfall búnaðargjalds verði það sama (2%) við álagningu gjaldsins á árinu 2006 og það var við ákvörðun fyrirframgreiðslna þess á árinu 2005. Jafnframt felst í tillögunni að skiptihlutföll álagðs gjalds 2006 og fyrirframgreiðslna á árinu 2005 verði þau sömu, þ.m.t. hlutur Lánasjóðs landbúnaðarins. Ekki kæmi því til þeirra miklu endurgreiðslna sem áður er getið. Engu að síður má telja víst að álagt gjald og fyrirframgreiðslur muni ekki nema nákvæmlega sömu fjárhæð, enda ekki sama tímaviðmið þótt hlutföll verði þau sömu. Því má ætla að mismunur muni koma fram á hlut Lánasjóðs landbúnaðarins milli endanlega álagðs gjalds og fyrirframgreidds. Ríkisskattstjóri telur rétt að í ákvæði til bráðabirgða verði kveðið á um á hvers ábyrgð sá mismunur skuli vera, hvort sem það verður Lífeyrissjóður bænda, sem njóta skal andvirðis af sölu sjóðsins sbr. 1. gr. laga nr. 68/2005, eða ríkissjóður, sem taka skal við réttindum og skyldum sjóðsins sbr. 2. gr. sömu laga.

Virðingarfyllst  
f. h. ríkisskattstjóra

  
Sigurjón Högnason